

Nd.

## 636. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 12. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:  
Lifeyrir hjóna, sem bæði fá lifeyri, skal vera jafnhár lifeyri tveggja einstaklinga.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:  
Rett til örorkulifeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu, og sanngjarnt er að ætlazt til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.  
Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur lifeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lifeyrir.
3. Við 16. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:  
Árlegur barnalifeyrir með hverju barni skal vera helmingur af einstaklings-lifeysi.
4. Við 18. gr. Greinin orðist svo:  
Barnsfararkostnaður, eins og hann er á hverjum tíma á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, greiðist af sjúkrasamlögum.
5. Við 27. gr. Siðasta málsg. orðist svo:  
Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það frá gjalddaga greiða af skuldinni hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna, eins og þeir eru á hverjum tíma.
6. Við 35. gr.
  - a. 4. málsg. falli niður.
  - b. Orðin „þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur  $\frac{3}{4}$  hlutum launanna“ í lok síðustu málsg. falli niður.
7. Við 48. gr. Greinin falli niður.
8. Við 50. gr.
  - a. 5. málsg. falli niður.
  - b. Orðin „frá því, sem ákveðið er í næstu málsgrein hér á undan“ í 6. málsg. falli niður.
9. Við 55. gr. Siðasti málsl. fyrri málsg. orðist svo:  
Séu framlög ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af skuldinni hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna, eins og þeir eru á hverjum tíma.
10. Á eftir 67. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:  
Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem breytast í samræmi við visitölu framfærslukostnaðar.
11. Við 71. gr. 2. málsl. 4. málsg. orðist svo:  
Verði vanskil, má innheimta gjöldin með lögtaki.
12. Við 74. gr. Greinin falli niður.